

# Dagskrá Gleðidags Verzlunarskólans

## 1. febrúar 2017

Kæru Verslingar! Hér er komin dagskrá Gleðidagsins, sem er hefðbundinn upptaktur að Nemó. Í boði eru margir spennandi viðburðir, sumt hefur komið við sögu áður, en annað er nýtt. Nemendur velja sér þá viðburði sem þeir vilja vera með í og gleyma ekki að láta kennara kvitta á miðana sína. Almennt eru viðburðir tvisvar, annars vegar 9:30 og hins vegar 10:30, nema annað sé tekið sérstaklega fram. Njótið dagsins, og svo Nemódaganna og hafið gleðina í fyrirrúmi.



### Njótum kynlífs

Þrautreyndir líffræðikennarar við skólann, Vala og Þórhalla, fjalla í þessum fyrirlestri um Kynheilbrigði og kynlíf. Líffræðileg uppbygging kynfæra og virkni þeirra. Kynsjúkdómar og getnaðarvarnir. Hvaða getnaðarvarnir eru í boði fyrir ykkur í dag? Kynsjúkdómar eru sjúkdómar sem hver kynþroska einstaklingur, þar á meðal þú, þarf að kunna skil á og þekkja helstu smitleiðir, einkenni, afleiðingar þeirra og mögulega meðferð.

Blái salur



### Förðun og meiköpp

Guðrún Helga Sörtveit, 23 ára úr Hafnarfirði. Förðunarfræðingur, bloggari og snappari. Hún er viðskiptafræðinemi í Háskóla Íslands. Hefur mikinn áhuga á förðun, tísku og allt sem því við kemur og sýnir ykkur það nýjasta og svalasta í þeim bransa.

Rauði salur





ENGLISH-SPEAKING UNION

### Ensk ræðukeppni

9:30

Keppendur flytja fimm mínútna ræðu á ensku. Þema keppinnar að þessu sinn er „Peace is not the absence of war“. Ræðurnar eru metnar eftir rökstuðningi, flutningi, áreiðanleika og svörum við spurningum. Þessi ræðukeppni hér í Versló er forkeppni fyrir landskeppnina sem er haldin í H.R. 24. og 25. febrúar, en þar verður Eliza Reid, forsetafrú einn af dómurunum, og Bogi Ágústsson kynnir eins og venjulega. Sigurvegari í þeirri keppni mun keppa í alheimskeppninni í London.

201

	<p><b>Hinseginleikinn</b></p> <p>Ingileif og María, stofnendur Hinseginleikans á Snapchat, munu fjalla um staðalímyndir og mikilvægi fyrirmynda. Þær eru trúlofaðar, en komu báðar frekar seint út úr skápnunum af ótta við viðbrögð samfélagsins. Í dag eru þær hins vegar afar stoltar og vilja deila sinni reynslu. Allir velkomnir í notalegt spjall.</p>	<p><b>BM Vallá</b></p> <p><b>Í þessari stofu verður pop-up kaffihús, heitt á könnunni og eitthvað gómsætt með!</b></p>
	<p><b>Sorgin gleymir engum</b></p> <p>Á þessum viðburði spjallar Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir um sorgina. Sorgin gleymir engum og sorgarefnin eru mörg. Við förum í gegnum sorg þegar við t.d. missum ástvin, upplifum vinslit, skiptum um búsetu eða verðum fyrir ofbeldi. Það er mikilvægt að þekkja sorgarferlið til að ná að lifa af inn í oft ósanngjörnum aðstæðum. Jóna Hrönn hefur unnið með ungu fólki í tugi ára og var m.a. miðborgarprestur í Reykjavík og vann þar við forvarnir og ráðgjöf fyrir ungt fólk í neyslu og ýmiskonar erfileikum.</p>	<p><b>Eimskip</b></p> <p><b>Í þessari stofu verður pop-up kaffihús, heitt á könnunni og eitthvað gómsætt með!</b></p>
	<p><b>Þetta er harður bransi</b></p> <p>Allir eru að reyna meikaða - hver á sinn hátt. En þarf alltaf að vera nám? Fannar Ingi, iðnaðarskáld og fyrrum nemólegend, fer yfir reynslusögur úr auglýsinga- og kvikmyndabransanum frá þeim tíma sem hann útskrifaðist blautur á bakvið eyrun úr Verzlunarskóla Íslands til dagsins í dag þar sem hann heldur áfram að læra af mistökum.</p>	<p><b>Flugleiðir</b></p> <p><b>Í þessari stofu verður pop-up kaffihús, heitt á könnunni og eitthvað gómsætt með!</b></p>
	<p><b>Tíu uppáhalds listaverk</b></p> <p><b>9:30</b></p> <p>Í þessum fyrirlestri mun Hallur listasögukenndi kynna til sögunnar tíu einstök verk sem allir eiga að reyna að sjá með eigin augum. Fjallað verður um verkin, söguna bak við þau og listina almennt.</p>	<p><b>Hafskip</b></p>

	<p><b>Hvað er svona merkilegt við SKAM?</b>  <b>10:30</b></p> <p>Halldóra kynjafærðikennari um fjalla um og ræða norsku unglingsþættina SKAM sem hafa slegið í gegn út um allan heim.</p> <p>Skoðum menningaráhrif þáttana á Íslandi og í Noregi, hliðstæður við klassískar bókmennti</p>	<p><b>Hafskip</b></p>
	<p><b>Fjöltefli</b></p> <p>Skákrefirnir Eiríkur og Gunnar úr kennaraliðinu tefla fjöltefli við 15-20 nemendur í einu á Marmaranum. Þeir þú?</p>	<p><b>Marmarinn</b></p>
	<p><b>Spuni – Improv</b>  <b>9:30 og allur morguninn</b></p> <p>Á þessum viðburði fer Fannar Guðmundsson í grunninn á leikspuna (e. improv) og munu þáttakendur fá að spinna og leika. Markmiðið í spuna er að búa til gott grín og hlæja mikið. Tíminn verður tvöfaldur og pláss er fyrir 16 nemendur. Því munu 16 fyrstu nemendurnir sem mæta í fyrri tímann verða allan tímann.</p>	<p><b>Heimilistæki</b></p>
	<p><b>Sjálfraust</b>  <b>9:30</b></p> <p>Við erum svo heppin að Freyr Alexandersson landsliðþjálfari kvenna í fótbolta ætlar að mæta og ræða um sjálfraust og hvernig megi efla það. Afar spennandi viðburður fyrir íþróttafólk, og í raun alla.</p>	<p><b>Græni salur</b></p>
	<p><b>Saga fótoltans</b>  <b>10:30</b></p> <p>Valur sem hefur verið viðloðandi knattspyrnu og boltamál frá fæðingu fjallar hér um þróun knattspyrnunnar og hvernig hún hefur breyst með tímanum. Farið verður í þróun og breytingu á keppnum eins og HM, Meistaradeildarinnar og Ensku Úrvalsdeildarinnar. Þá verður einnig farið í það hvernig leikkerfi í leiknum hafa breyst með tímanum og það hvernig peningar eru að breyta leiknum.</p>	<p><b>Græni salur</b></p>

	<p><b>Sjálfsvörn</b> <b>10:30</b></p> <p>Jón Viðar Arnþórsson, formaður Mjölur, mætir og kynnir starfsemi félagsins, með áherslu á sjálfsvarnarnámskeið sem þar eru haldin reglulega. Farið verður í undirstöðuatriði í sjálfsvörn sem auðvelt og gagnlegt er fyrir alla, konur og karla, að tileinka sér.</p>	<p>Leikfimissalur</p>
	<p><b>Aisec</b> <b>9:30</b></p> <p>Upplifðu nýja menningarheima og skildu eftir þig jákvætt spor í heiminum. Nýttu þér þína hæfileika til að stuðla að bættu umhverfi hjá öðru fólki og efldu þína leiðtogahæfni samtímis.</p>	<p>Hekla</p>
	<p><b>Mundo</b> <b>10:30</b></p> <p>Mundo býður upp á skiptinám og sumarbúðir fyrir alla þá sem vilja upplifa ógleymanlegan tíma. Skiptinám er tilvalið fyrir þá sem vilja stíga út fyrir þægindarammann, eignast heimili í öðru landi, verða reiprennandi í nýju tungumáli og nýta árið sem þeir græða á þriggja ára menntaskólakerfi. Þú getur farið til Bandaríkjanna, Spánar eða Þýskalands og breytt lífi þínu í leiðinni.</p>	<p>Hekla</p>
	<p><b>Ferðalangar</b></p> <p>Fyrrum Verzlingarnir Benni Ben. og Bjössi Bergs. segja frá ævintýrum og óföllum í ferðalögum sínum í kringum heiminn</p>	<p>205-6</p>